



# Þingeyjarsveit

590602-2640  
Kjarna - 650 Laugar  
Sími: 464 3322 – Þröf sími: 464 3422  
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is  
www.thingeyjarsveit.is

## Nefndarsvið Alþingis

Laugar 17.01.2020  
Málsnúmer: 2001012

### Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir tímabilið 2020-2034

Sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar sendir frá sér eftirfarandi umsögn sem samþykkt var á fundi þann 16.01.2020:

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tekur undir umsögn og athugasemdir Markaðsstofu Norðurlands um samgönguáætlun sem sendar voru inn í haust á samráðsgátt stjórnvalda en ekki virðist hafa verið tekið tillit til þeirra ennþá.*

*Í umsögninni gagnrýnir MN harðlega og mótmælir fjársveldi til flugvalla en Akureyrarflugvöllur fær aðeins 5,9% af framlögum til viðhalds á alþjóðaflugvöllum þremur utan Keflavíkurflugvallar. Framlög til stofnkostnaðar og nýframkvæmda á flugvöllum, þ.m.t. alþjóðaflugvöllum, er 0 kr. næstu 5 árin, að undanskildum 30 milljónum í Reykjavíkurflugvöll. Sveitarstjórn tekur undir með MN og gerir kröfur á að haldið verði áfram með þróun á Akureyrarflugvelli sem alþjóðaflugvelli og farið verði í heildstæða uppbyggingu þannig að hann uppfylli þær þarfir sem alþjóðaflugvelli ber að gera og mögulegt sé að byggja þar upp aukið millilandaflug.*

*Einnig tekur sveitarstjórn undir með MN og gerir athugasemdir við að framlög til vegaframkvæmda næstu 15 árin eru afgerandi minnst á Norðursvæði. Ríflega 30% af vegakerfi landsins er á Norðursvæði en framlög til nýframkvæmda næstu 15 árin eru tæplega 10% af heildarfjárframlögum.*

Þetta tilkynnist hér með.  
Sveitarstjóri

Með kveðju,

Dagbjört Jónsdóttir

Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar